

Stjórnlagaráð

Reykjavík 24. maí 2011

Sjálfstæði ákærvalds gagnvart pólitísku valdi tryggt í stjórnarskrá

Um Ákærendafélag Íslands

Ákærendafélag Íslands er óháð áhugamannafélag ákærenda. Aðild að félagini eiga allir þeir lögfræðingar sem vinna að rannsókn eða saksókn sakamála, svo sem ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar, ríkislöggreglustjóri, löggreglustjórar og saksóknarfulltrúar. Tilgangur félagsins er meðal annars að vinna að faglegum hagsmunamálum ákærenda, vinna að viðurkenningu á mikilvægu hlutverki ákærenda í refsivörslukerfinu, hafa áhrif á og veita ráðgjöf um samningu lagafrumvarpa.

Sjálfstæði ákærvalds að lögum

Ákærendafélagið telur mikilvægt að tryggja að í stjórnarskrá verði kveðið á um skipan ákærvalds með líkum hætti og dómstóla. Þessi háttur hefur verið tekinn upp í nýlegum stjórnarskrárbreytingum í nágrannalöndum okkar t.d. í Finnlandi. Ákvörðun um að ákæra mann eða eftir atvikum fella mál niður eru meðal ákvárdana sem lúta að mikilvægustu réttindum í manna. Það eitt að sæta ákæru felur í sér mjög íþyngjandi afleiðingar fyrir þann sem því sætir.. Að sama skapi er ákvörðun um að gefa ekki út ákæru endanleg úrlausn sem oft á tíðum verður ekki tekin upp síðar og þar með íþyngjandi fyrir brotaþola. Í því skyni að tryggja sjálfstæði ákærvaldsins hefur verið kveðið á um það í almennum lögum. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í 2. mgr. 18. gr. sakamálalaganna segir;

Hlutverk ákærenda er að tryggja, í samvinnu við löggreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Ákvæðið skýrir sig sjálfstæði en er ætlað að undirstrika að ákærrendur séu sjálfstædir í störfum sínum.

Í 20. gr. sakamálalaganna segir;

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Skal hann skipaður ótímaþundið í embætti af



Ákærrendafélag
Íslands

[ráðherra]^þ og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Skal hann enn fremur njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómamarar, eftir því sem við verður komið.

Í því skyni að tryggja sjálfstæði ákæruvaldsins er kveðið svo í 20. gr. sakamálaga að æðsti yfirmaður þess sé ríkissaksóknari og hann hafi sömu lögkjör og hæstaréttardómamarar. Samkvæmt 61. gr. stjórnarskráinnar sem fjallar um stöðu hæstaréttardómara er hann skipaður ótímabundið, hann tekur ekki við fyrirmálum frá ráðherra og hann verður ekki leystur frá störfum nema með dómi og ekki fluttur í önnur embætti móti vilja hans. Honum ber jafnframt að fara í embættisverkum sínum eingöngu eftir lögum. Ríkissaksóknara verður þó veitt lausn frá embætti þegar hann hefur náð 65 ára afmæli en skal þá eigi missa neins af launum sínum.

Umræða um sjálfstæði ákæruvaldsins í tengslum við dómsmál

Á liðnum misserum hefur sprottið nokkur umræða um sjálfstæði ákæruvaldsins t.d. í máli svokallaðra sjömenninga vegna atvika tengdum mótmálum við Alþingishúsið. Þótt ekki eigi það sama við um ábyrgð ráðherra þá koma til skoðunar sömu sjónarmið um hvort ákvörðun um að ákæra skuli ákveðin af pólitískt kjörnum fulltrúum á Alþingi eða af ákæruvaldinu. Refsiábyrgð ráðherra hefur þó sérstöðu sem í sjálfu sér getur réttlætt að þau mál sæti öðrum lögmálum en almennt gerist, en álitaefnin eru þau sömu. Álitamál er hvort staða ráðherra réttlæti að brugðið sé frá meginreglunni um að ákæruvaldið taki ákvarðanir um hvort þeir sæti ákæru. Flestir þekkja til s.k. Baugsmáls sem hefur á liðnum árum verið til meðferðar fyrir dómstólum þótt minna fari nú fyrir að einn hluti þess er enn fyrir dómstólum. Í Baugsmálinu virtust margir þeirrar skoðunar að ákvörðun um rannsókn og ákæru í málinu væri til komin vegna pólitískra afskipta af málinu. Án efa hefði mátt draga úr tortryggní almennings í garð ákærenda og löggreglu ákæruvaldið í málinu hefði notið óskoraðs sjálfstæðis.

Af allri þessari umræðu má draga þá ályktun að almenningur treystir á að ákæruvaldinu sé skipað þannig að það njóti fulls sjálfssæðis. Þarf ekki að fjölyrða um að traust og starfsumhverfi ákæruvaldsins veltur alfarið á að ákvarðanir þess verði aldrei tengdar öðrum hagsmunum eða áhrifum en túlkun laga.

Skýrsla stjórnlaganefndar 2011

Í skýrslu stjórnlaganefndar 2011 er fjallað á nokkrum stöðum um sjálfstæði ákæruvaldsins og lagt til að afnumin verði sérstök heimild forseta (með atbeina ráðherra) til að fella niður saksókn, sbr. 29. gr. stjórnarskráinnar. Jafnframt eru þar fjallað um nauðsyn þess að binda í stjórnarskrá sjálfstæði ákæruvaldsins. Það verði gert með nýju ákvæði í stjórnarskrá um skipan ákæruvaldsins og jafnframt að sjálfstæði og vernd ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákæruvalds verði tryggð með sama hætti og á við um dómara. Slíkt er talið samrýmast nútímaþorffum í réttarríki að ríkissaksóknari njóti verndar í starfi sem æðsti handhafi ákæruvaldsins og sé eingöngu háður lögum við meðferð þess. (Sjá bls. 146 í 1. hefti skýrslunnar)

ófi
Ákærrendafélag
Íslands

Í viðauka dæmi A má sjá hugmynd að nýrri stjórnarskrá en þar er gerð tillaga um að í 83. gr. hennar verði sérstakt ákvæði um ákærvaldið, samhljóða ákvæði er lagt til í dæmi B 49. gr. að nýrri stjórnarskrá í sama viðauka. Ákvæðið hljóðar svo;


*Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.
Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann er einungis
háður lögum í störfum sínum.
Forseti Íslands skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn.
Ríkissaksóknari skal njóta sömu verndar í starfi og dómarar.*

Erindi Ákærrendafélagsins

Eins og rakið er að framan samræmist það nútímoviðhorfum um réttarríkið að kveðið sé á um skiptan ákærvaldsins í stjórnarskránni. Slíkt ákvæði hefur á síðustu árum verið tekið upp í stjórnarskrár vestrænna ríkja t.d. í Finnlandi árið 2000.

Stjórn Ákærrendafélagsins hefur kynnt sér tillögur þær sem koma fram í skýrslu stjórnlaganeftnar og leggur ríka áherslu á að ákvæðið verði tekið upp í frumvarp að nýrri stjórnarskrá.

F.h. Ákærrendafélags Íslands


Helgi Magnús Gunnarsson formaður